

#### 4 fundur fræðslunefndar ársins 2010 v/leikskóla, haldinn 25. ágúst 2010 í leikskólanum, kl. 16:00.

##### 1. fundur á kjörtímabilinu 2010-2014.

Mætt: Helgi Jóhannesson formaður, Unnsteinn Logi Eggertsson, Hanna Björk Grétarsdóttir, fulltrúi starfsfólks, Gunnar Jóhannesson og Eydís Helgadóttir leikskólastjóri. Ólafur Sigursveinsson, fulltrúi foreldra, var fjarverandi.

##### Dagskrá:

1. Skýrsla leikskólastjóra.
2. Reglur um vistun frá kl. 16 - 17.
3. Sérkennslustaða, samvinna leik- og grunnskóla.
4. Umsókn um undanþágu vegna vistunar yngra barns.
5. Önnur mál.

##### 1. Skýrsla leikskólastjóra.

Leikskólastarfið fer vel af stað í ár. Eins og mörgum er kunnugt þá hefur starfsfólk Undralands lagt sitt af mörkum til að viðhalda mannkyninu. Tvær eru langt komnar með fæðingarorlofið sitt og aðrar tvær ný byrjaðar. Við óskum þeim til hamingju með börnin sín og hlökkum til að fá þau öll í leikskólann. Svona frjósemi á einum vinnustað kallar á smá púsl í starfsmannaflórunni. Eins og öll önnur púsl þá smellur starfsmannapúslíð saman og búið er að manna allar stöður.

Flest börnin byrjuðu strax eftir sumarfrí, önnur koma í byrjun september svo koma þau eitt af öðru þegar þau hafa aldur til.

Börnin eru að hristast saman eftir sumarfríð, hress og kát deila þau með okkur ævintýrum sumarsins og sum tilkynna að þau ætli aldrei aftur í sumarfrí.

Hópastarfið er í startholunum og rúllar af stað eftir helgi, útikennslan fær aukinn sess og er alltaf að þróast og eflast. Alla námsþætti er hægt að nálgast hvort sem er úti eða inni. Hugmyndafræðin er sú sama; þ.e. Raggio Emilia og Fjölgreindarkenningin.

Unnið er með stöðvar og geta þær verið breytilegar milli deilda og milli mánaða, allt eftir áhuga og úthaldi barnanna. Einnig er unnið með ART en það er fastmótað, uppeldisfræðilegt þjálfunarmódel sem hefur það markmið að fyrirbyggja ofbeldi og kenna aðrar leiðir til að leysa samskipta-, tilfinninga- og hegðunarvanda.

Í ART er unnið með :

Félagsfærni: Nemandinn fær verkefni í hendurnar til að leysa ýmiskonar aðstæður.

Sjálfsstjórn: Nemandinn lærir að þekkja tilfinningar sínar, lærir leiðir til að koma í veg fyrir að missa stjórn á sjálfum sér og lærir hvað hann á ekki að gera. Unnið út frá tilfinningum nemandans.

Siðferðisvitund: Nemendur þjálfast í að greina rétt frá röngu. Unnið í gegnum klípusögur.

ART-þjálfun tekur 12 vikur. Hún fer fram 3x í viku og er hver liður kenndur í eina viku í senn.

Í vetur tókum við þátt í verkefni um málþroska ungra barna sem gengur undir skammstöfuninni; TRAS.

Þetta er samstarfsverkefni Skólaskrifstofa Suðurlands og Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar.

TRAS hefur verið notað á öllum hinum norðurlöndunum til skráningar.

Staða verkefnisins er þannig nú að búið er að lausþýða hluta handbókar, leiðbeiningabækling og eyðublöð. Með því að nota TRAS-snemmtæka skráningu á málþroska barna, finnast þau börn sem hafa frávik í málþroska strax og hægt er grípa inn í með videigandi aðgerðum. Ekkert sambærilegt matstæki á málþroska ungra barna, til notkunar fyrir leikskólakennara, er til hérlendis.

Berjafarðir; Þessar skemmtilegu ferðir sköpuðust af heimboði sem við fengum frá ábúendum á Efra Seli, þau buðu okkur að koma og tína rifs- og sólber meðfram brautunum á golfvelli, boðið þáðum við með þökkum og ákváðum jafnframt að gá hvort við gætum ekki krækt okkur í fleiri heimboð svo allir gætu notið þess að ganga á staðinn og heim aftur. Við fengum mjög jákvæð viðbrögð hjá þeim húsráðendum sem við leitum til. Þetta er þriðja árið sem förum í berjafarðir og vonum að þær festi sig í sessi og verði partur af okkar menningu og hefðum.

Skógarkotsbúar héldu fótgangandi út að Seli, Heiðarkot fór á Ljónastíg 2 til Elínar og Júlíusar og Móakot fór í Bjarkarhlíð til Önnu og Helga. Allar deildir uppskárú heimikið af berjum og þáðu veitingar hjá húsráðendum, kunnum við þeim bestu þakkir fyrir skemmtileg og gjöful heimboð.

Nú er verið að sjóða og sulta berin, setja í krukkur, útbúa merkimiða með uppskrift og myndum af ferlinu, ásamt upprunastað berjanna. Börnin fara svo heim með sultuna og færa foreldrum sínum.

Samstarf leik- og grunnskóla vex og dafnar með hverju árinu og er mikill áhugi beggja skólastiga að þróa samstarfið og efla í náinni framtíð. Elsti árgangur og 1. Bekkur hittast að lágmarki 2x í mánuði ýmist í leikskólanum eða grunnskólanum.

Haustþing leikskóla á Suðurlandi verður haldið 24. september, þingið er vettvangur fyrir allt starfsfólk leikskóla til að sækja sér fróðleik, efla sig í starfi, hitta samstarfsfólk frá öðrum leikskólum og skiptast á skoðunum.

Í augnablikinu eru 35 börn í leikskólanum, verða 40 í september og 44 í október, þar af eru 11 tvítýngd börn og 2 stuðningsbörn.

Búið er að mála innandyra og langt komið með málun utan dyra. verið er að dytta að ýmsu, starfsfólk Undralands er býsna laghent en öðru hvoru njótum við liðsinnis þeirra Mumma húsvarðar, Jóa Járn og Hannibals.

## **2. Reglur um vistun frá kl. 16 - 17.**

Leikskólastjóri fór yfir tillögu um breytingu á vistunarreglum. Tillagan hljóðar upp á að viðmiðunarmörkin séu 5 börn. Tillagan samþykkt.

## **3. Sérkennslustaða, samvinna leik- og grunnskóla.**

Leikskólastjóri fór yfir tillögu er varðar sérkennslu fyrir börn í leikskólanum. Lagt er til að kennari við Flúðaskóla sinni þessum börnum sem samsvarar 10% stöðu. Stjórnendur í Flúðaskóla hafa tekið vel í hugmyndina og er kennari tilbúin til að sinna stöðunni. Fræðslunefnd samþykkir tillöguna.

## **4. Umsókn um undanþágu vegna vistunar yngra barns.**

Leikskólastjóri lagði fram umsókn um undanþágu frá vistunarreglum. Á grundvelli 6. gr. vistunarreglna leikskólans og þess að svigrúm er innan leikskólans til að verða við ósk umsækjanda, samþykkir fræðslunefnd að verða við beiðninni.

## **5. Önnur mál.**

- a) **Fundartími fræðslunefndar.** Formaður lagði til að fundir verði haldnir með reglubundnum hætti, þ.e. síðasta miðvikudag í hverjum mánuði, kl. 16.00 og var það samþykkt.

Fleira var ekki gert.  
Fundargerð lesin yfir og samþykkt.  
Fundu slitið kl. 16.50